

# Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 7. september 2016 í máli nr. E-896/2016:

**Landsbankinn hf.**

*(Hannes Júlíus Hafstein hdl.)*

**gegn**

**Margeiri Vilhjálmsyni**

*(Gestur Jónsson hrl.)*

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda 1. september 2016, var höfðað 12. mars 2016 af hálfu Landsbankans hf., Austurstræti 11 í Reykjavík vegna Landsbankans hf., Keflavík, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ, á hendur Margeiri Vilhjálmsyni, [...].

Dómkröfur stefnanda eru svohljóðandi: „Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.617.626,00 ásamt yfirdráttarvexti sem eru 12,45%, frá lokunardegi reiknings þann 31.07.2012 til 17.09.2012 og dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 2.617.626,00 frá 17.09.2012 til greiðsludags. Inná skuldina hefur verið greidd innborgun 01.11.2013 kr. 282.877,00; og dregst hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflytningu málsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til innheimtukostnaðar fyrir löginnheimtu í samræmi við heimildir.“

Dómkröfur stefnda eru svohljóðandi: „Þess er krafist að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda eða lækkunar kröfunnar. Þá er krafist málskostnaðar. Við ákvörðun málskostnaðarins verði tekið tillit til þess að stefndi hefur ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskattskyldu lögmannsþjónustu.“

Í þessum þætti málsins er til úrlausnar aðalkrafa stefnda, hér sóknaraðila, um að málinu verði vísað frá dómi. Stefnandi, sem hér er varnaraðili, krefst þess að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hafnað. Af hálfu beggja aðila er krafist málskostnaðar að mati dómsins í þessum þætti málsins.

**Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Óumdeilt er að stefndi var viðskiptamaður Sparisjóðsins í Keflavík og stofnaði þar reikning nr. 1784 á árinu 1993. Stefndi kveðst hafa notað reikninginn sem krafan er gerð út af frá árinu 1993 fram á árið 2009, en kveðst frá þeim tíma ekkert hafa notað reikninginn. Stefnandi kveður yfirdráttarheimild á reikningi stefnda hafa runnið út án þess að uppsöfnuð skuld á honum væri greidd. Reikningnum hafi verið lokað 31. júlí 2012. Þá hafi skuldin verið 2.617.626 krónur og hafi stefnda verið sent innheimtubréf 17. ágúst 2012. Innborgun 1. nóvember 2013, að fjárhæð 282.877 krónur, dragist frá skuldinni, en eftirstöðvar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir. Styður stefnandi dómkröfu sína við reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efnir fjárskuldbindinga, vaxtakröfur við lög nr. 38/2001 og kröfu um málskostnað við lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lög nr. 50/1988.

Stefndi bendir í greinargerð sinni á, að í stefnunni komi ekki fram hvaða úttektir myndi höfuðstól kröfunnar og að þar komi hvorki fram hvaða heimild hafi verið á hlaupareikningnum né hvenær hún hafi runnið út. Sagt sé að 282.877 krónur hafi verið greiddar inn á skuldina á reikningnum 1. nóvember 2013, en þess sé ekki getið að það hafi ekki verið stefndi sem greitt hafi inn á reikninginn heldur stefnandi. Innborgunin hafi verið vegna skilvísra greiðslna húsnæðislána og hafi Landsbankinn tekið ákvörðun um að færa fjárhæðina inn á umræddan reikning án alls samráðs við stefnda. Engin gögn séu lögð fram af hálfu stefnanda um það hvernig stefnufjárhæðin sé fundin og hvergi sé skilið á milli þess sem sé raunverulegur höfuðstóll (úttektir eða lán) og hins sem séu vextir og/eða kostnaður. Krafa stefnanda um höfuðstól skuldarinnar sé því vanreifuð.

Stefnandi vísar um aðild sína að málinu til ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins (FME) 22. apríl 2010 um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs og ákvörðunar FME 5. mars 2011 um að NBI hf., nú stefnandi, tæki við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs. Stefndi kveðst engin viðskipti hafa átt við Spkef sparisjóð eða NBI hf. á þeim reikningi sem sagt sé að hafi verið lokað 31. júlí 2012. Sögu Sparisjóðsins í Keflavík hafi lokið 22. apríl 2010 þegar eignum Sparisjóðsins hafi verið ráðstafað til nýs aðila, Spkef sparisjóðs. Í 13. tölulíð ákvörðunar FME þar um hafi framsal kröfuréttindanna verið með þeirri forsendu að skuldajöfnunarréttur skuldara gagnvart Sparisjóðnum eða þrotabúi hans skyldi haldast.

Stefndi kveður Landsbankann hafa hafið tilraunir til innheimtu þeirrar kröfu sem mál þetta snýst um árið 2012. Stefndi leggur fram reikning frá stefnda til Sparisjóðsins í Keflavík og gögn um samskipti milli lögmanns stefnda og lögmannna

bankans um gagnkröfu stefnda vegna vinnu fyrir Sparisjóðinn, sem hann vildi nota til skuldajafnaðar gegn dómkröfunni. Verkið hafi verið unnið í ágúst til nóvember 2009 og hafi stefndi sent Sparisjóðnum reikning sinn ásamt tímaskýrslu 1. febrúar 2010. Á reikningnum er þess óskað að fjárhæð hans, 2.494.800 krónur, leggist inn á bankareikning nr. 1784, en reikningur stefnda mun hafa verið ógreiddur þegar FME tók yfir starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík. Stefndi kveður gagnkröfunni ekki hafa verið mótmælt af hálfu stefnanda, sem telji hana þó ekki tæka til skuldajöfnunar.

Sýknukrafa stefnda af dómkröfunni byggist á því að krafa stefnanda hafi þegar verið greidd með skuldajöfnuði. Krafa um lækkun hennar styðst við það að viðskiptum stefnda við Sparisjóðinn í Keflavík í gegnum reikning 1784 hafi lokið á árinu 2009 og telur stefndi einhliða ákvörðun stefnanda um að tekjufæra reikninginn um 282.877 krónur síðar ekki hafa verið viðskipti sem slitið geti fyrningu. Einhliða ákvarðanir Landsbankans um lokun reikningsins árið 2012 eða um færslu dráttarvaxta og kostnaðar á reikninginn skapi ekki slíkan rétt. Krafa stefnanda hafi orðið gjaldkræf á árinu 2009 og sé sá hluti kröfunnar sem saman standi af vöxtum og/eða kostnaði því löngu fyrndur skv. lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

### **Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila fyrir frávísunarkröfu**

Stefnandi hafi engin gögn lagt fram um þá kröfu sem hann telji sig eiga önnur en eigið gagn um lokun reiknings á árinu 2012 og gögn um innheimtutilraunir. Enga lýsingu sé að finna á því hvenær krafan hafi stofnast eða hvernig. Engar upplýsingar séu um samsetningu kröfunnar í höfuðstól, vexti og/eða kostnað. Engin lýsing sé á heimildum stefnda í viðskiptum við Sparisjóðinn í Keflavík eða hvenær gjalddagi hafi verið. Hafi gjalddagi verið þegar heimild hafi runnið út vanti lýsingu þess. Með þessari vanreifun sé brotið gegn ákvæði d-liðs 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála og beri því að vísa málinu frá dómi.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda jafnframt vísað til þess að allar röksemdir stefnanda eigi að koma fram í stefnu og samkvæmt g-lið framangreinds lagaákvæðis beri þar að geta allra helstu gagna, bæði þeirra sem stefnandi hafi til sönnunar og þeirra sem hann telji sig enn þurfa að afla, en það hafi ekki verið gert.

### **Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila gegn frávísunarkröfu**

Af hálfu stefnanda var í munnlegum málflutningi á því byggt að skilyrðum d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála, sem stefndi vísi til í greinargerð, sé fullnægt í stefnu þar sem í dómkröfum sé gerð grein fyrir höfuðstól kröfunnar, sem gjaldfelld hafi verið á lokunardegi reiknings. Gerð sé grein fyrir því að reikningurinn hafi verið stofnaður árið 1993 og að honum hafi verið lokað á árinu

2012. Krafa sé gerð um dráttarvexti frá tilteknum degi og gerð sé grein fyrir innborgun sem komi til frádráttar, en þá innborgun hafi bankinn innt af hendi umfram skyldu.

Stefndi hafi ítrekað verið upplýstur um stöðu reikningsins með reikningsyfirlitum og í raun sé enginn ágreiningur um réttmæti kröfu stefnanda, sem óþarft hafi verið að gera frekari grein fyrir í stefnu. Ágreiningur aðila lúti aðeins að því hvort stefnda hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu sinni á hendur Sparisjóðnum við skuldina á reikningnum. Stefnukrafan byggist á stöðu reiknings við lokun hans, sem lögð hafi verið fram gögn um. Gagnaöflun hafi ekki verið lýst lokið og stefnandi eigi að hafa tækifæri til að bregðast við áskorun í greinargerð um frekari framlagningu gagna.

### **Niðurstaða**

Fyrirmæli 1. mgr. 80. gr. og 95. gr. laga nr. 91/1991 miða að því að tryggja að ljóst sé á frumstigi dómsmáls með hvaða röksemdum og í meginatriðum á hvaða gögnum stefnandi hyggst styðja kröfur sínar. Ákvæði 80. gr. laganna um efni stefnu eiga sér ekki síst þann tilgang að tryggja stefnda rétt til að kynna sér málatilbúnað stefnanda í því skyni að eiga þess sanngjarnan kost að verjast kröfum hans að því er alla þætti þeirra varðar.

Í stefnu er ekki að finna neina útskýringu eða sundurliðun á því hvernig höfuðstóll kröfunnar er til kominn. Stefnandi hefur lagt fram útprentun, dags. 8. ágúst 2012, þar sem fram kemur að staða á reikningi stefnda sé skuld að fjárhæð 2.617.262 krónur. Þá leggur stefnandi fram með stefnu afrit af innheimtuviaðvörðun, sem ber með sér að hafa verið send stefnda 9. janúar 2012 og er þar vakin athygli á að yfirdráttarskuld á reikningi hans sé 2.431.963 krónur. Auk birtingarvottorðs og skjalaskrár og þessara tveggja skjala fylgdi stefnu við þingfestingu hennar afrit innheimtubrúts frá lögfræðisinnheimtu NBI hf., dags. 17. ágúst 2012, og upplýsingar um áfallinn innheimtukostnað „motus“, dags. 12. febrúar 2016. Þar með eru gögn þau sem fylgdu stefnunni tæmandi talin, en efni stefnunnar er að mestu rakið hér að framan.

Engin yfirlit um hreyfingar á bankareikningnum eru fyrir hendi eða aðrar upplýsingar um úttektir stefnda af reikningnum, hvorki um fjárhæðir úttekta né dagsetningar þeirra. Þá liggur ekkert fyrir um heimild stefnda til að yfirdraga reikning sinn, hvorki um fjárhæð né tímamörk slíkrar heimildar. Af þeim gögnum sem stefnandi lagði fram með stefnu verður aðeins ráðið hverja hann telur heildarfjárhæð skuldar stefnda við sig vera, annars vegar 9. janúar 2012 og hins vegar 8. ágúst sama ár, og hafði skuldin þá hækkað. Samkvæmt framansögðu er ekki ljóst hvernig stefnufjárhæðin er fundin og er engin tilraun gerð til þess að

skýra það í stefnu eða í gögnum sem henni fylgdu.

Haldlaus er sú málsástæða stefnanda, sem fram kom við munnlegan málflutning, að óþarft hafi verið að gera nánari grein fyrir kröfunni í stefnu þar sem hún sé óumdeild og vegna þess að ágreiningur aðila snúist aðeins um það hvort skuldin hafi þegar verið greidd með skuldajöfnuði. Ekki var vikið að þessu í stefnunni, en þar er greint frá því að innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar. Þessi atvik veita stefnanda enga heimild til að víkja frá fyrirmælum réttarfarslaga um efni stefnu. Sundurliðun kröfunnar og upplýsingar um atvik að innborgun á reikninginn eru atriði sem skipt geta máli fyrir málsvarnir stefnda, m.a. vegna lagareglna um fyrningartíma.

Að öllu framangreindu virtu þykir stefnandi ekki hafa lagt þann grundvöll að málinu sem nauðsynlegur er til þess að efnisdómur verði á það lagður. Máltilbúnaði stefnanda er svo áfátt að hann fullnægir ekki kröfum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Máltilbúnaður hans er vanreifaður og er hann til þess fallinn að takmarka möguleika stefnda til að halda uppi vörnum í málinu. Verður því fallist á aðalkröfu stefnda og máli þessu verður vísað frá dómi.

Með vísun til 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem ákveðinn er 300.000 krónur.

Úrskurðinn kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Landsbankinn hf., greiði stefnda, Margeiri Vilhjálmsyni, 300.000 krónur í málskostnað.

Krístrún Kristinsdóttir